

Ed.

190. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, sem orðinn er fullra 15 ára um nýár næst á undan gjalddaga, skal greiða árlega kirkjugjald kr. 1.50, að viðbættri meðalverðlagsvisitölu. Undanþegið þessu gjaldi er þó allt rúmfast fólk 67 ára eða eldra, svo og þeir, sem teljast til utanþjóðkirkjusafnaðar, er hefur löggiltan prest eða forstöðumann, enda nemi gjald þeirra hverju sinni eigi lægri upphæð en þeim hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar.

2. Við fyrirsögn frv. Aftan við fyrirsögnina bætist: og lögum nr. 72 27. júní 1941, um breyting á þeim lögum.